

Bæjarstjóri
Mannauðsstjóri

Beiðni um aukið stöðugildi í barnavernd

Fjöldi barnaverndarmála sem tilkynnt eru til barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar fjölgar ár frá ári og jafnframt þeim málum sem fara í vinnslu hjá starfsmönnum nefndarinnar. Fjöldi barnaverndartilkynninga var árið 2015 876, 2016 1.047 og árið 2017 1.120. Auk þess hafa bæst við ný verkefni og má þar helst nefna heimilisofbeldisverkefnið sem unnið er í samvinnu við lögreglu og fjölgun mála vegna hælisleitenda og fylgdarlausra barna en þau mál reynast þung í vinnslu og flókin. Það er samdóma álit þeirra sem starfa að barnavernd að mál sem nú eru í vinnslu á hverjum tíma eru mörg hver afar umfangsmikil og flókin. Fjölpættur vandi barna og fjölskyldna kallar á öflugt fagfólk og svigrúm til að vinna að málunum þannig að viðunandi árangur náist.

Nú er svo komið að nauðsynlegt er að fá viðbótar stöðugildi til að sinna þessum vandasömu verkefnum. Í meðfylgjandi bréfi frá starfsmönnum barnaverndar er nánari rökstuðningur og m.a. gerður samanburður á fjölda stöðugilda í nágrannasveitarfélagi okkar Kópavogi. Vert er að vekja athygli á því að Hafnarfjörður kemur næst á eftir Reykjavíkurborg í fjölda barnaverndartilkynninga.

Undirrituð styður hér með við beiðni starfsmanna sem kemur fram í meðfylgjandi bréfi dagsettu 6.apríl s.l.

Hafnarfjörður 27.apríl 2018.
Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu

Fylgiskjal: Bréf frá starfsmönnum barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar dagsett 6.apríl 2018.